

Kæru samherjar,

Íþróttahreyfingin sinnir sífellt stærra hlutverki sem ein af meginstöðum samfélags okkar, kennir börnunum okkar að árangur fylgi ástundun og að glíma þarf bæði við tap og sigur á lífsins leið. Ég tala af reynslu þegar ég segi að íþróttir veittu sonum mínum ekki síður innblástur en skólakerfið og þar fundu þeir margar sínar mikilvægustu fyrirmyndir.

Ég er fjarri því að vera innvígður í efri lög ÍSÍ og býð mig fram sem fulltrúi grasrótarinnar. Allt mitt líf hef ég verið virkur þátttakandi í fleiri en einu sérsambandi, hlaupið, synt, hjólað, tekið þátt í þríþraut og spilað bæði golf og tennis. Síðan 2023 hef ég verið formaður Tennissambandsins og þekki því vel þær áskoranir sem fylgja starfi sem byggt er á sjálfboðavinnu.

Frá aldamótum hef ég starfað við viðskiptahlið íþróttanna. Þar hef ég mikla reynslu af kaupum og sölu á sjónvarpsrétti eftir að hafa rekið íþróttarásina Síminn Sport í nær áratug. Eitt af verkum mínum á þeim vettvangi var að skapa Handboltapassann í samvinnu við HSÍ til að tryggja þeim tekjur til framtíðar. Ásamt félaga mínum stofnaði ég og átti hjóltreíðakeppnina WOW Cyclothon sem varð fljótt stærsta hjóltreíðakeppni landsins og var ávallt rekin með hagnaði. Að auki var ég framkvæmdastjóri Latabæjar á blómaskeiði þess ævintýris.

Ef ég fæ stuðning til embættis forseta ÍSÍ heiti ég því að vinna ötullega að tveimur verkefnum. Í fyrsta lagi mun ég tala hátt og snjallt við stjórnvöld um fjármögnun hreyfingarinnar og hér þarf hugarfarsbreytingu. Breytum orðfærinu og hættum að tala um styrki – íþróttahreyfingin er miklu stærri en svo að hún eigi að vera styrkþegi á framfæri hins opinbera. Eðlilegra er að tala um framlög til íþróttar á sama hátt og greitt er til annarra máttarstöða samfélags svo sem menntakerfis og heilbrigðisþjónustu.

Í öðru lagi mun ég standa fyrir ÍSÍ fari í þá stefnumótun sem mér finnst sárlega vanta. Hvar ætlar hreyfingin að vera eftir 5 ár? Eftir 10 ár? Allur rekstur verður svo miklu einfaldari þegar stefnan er skýr. Hér er forgangsverkefni að skilgreina skýra verkskiptingu milli ÍSÍ og UMFÍ sem gerir báðum kleift að sinna verkefnum sínum enn betur en gert er í dag. Persónulega tel ég að þessar tvær hreyfingar eigi að verða að einni en slíkt verkefni væri markmið til miklu lengri tíma. Ávinningur sameiningar væri miklu hvassari forysta íþróttar- og æskulýðsstarfs sem gæti talað einni röddu við stjórnvöld.

Ef ég fæ meðbyr hyggst ég heimsækja allar svæðisstöðvar íþróttahéraðanna fyrir 15. september. Ég heiti því líka að flytja árlega að lágmarki tvo fundi framkvæmdastjórnar út fyrir höfuðborgarsvæðið til að vinna að betra samstarfi við landsbyggðina og auka skilning á sérstöðu einstakra héraða. Hvernig sem kosningar fara mun ég síðan bjóða fram krafta mína til að vinna að stefnumótun sambandsins til næsta áratugar.

Magnús Ragnarsson